

## FERILL FYRIR ERLENDA UMSÆKJENDUR UM KANDÍDATASTÖÐUR Á ÍSLANDI

1. Umsókn skilað um kandidateisár. Sjá upplýsingar á síðunni <https://www.landspitali.is/kandidatar> undir liðnum "Fyrir umsækjendur".
2. Til að fá boð um að koma í viðtal verður umsækjandi að hafið lokið a.m.k. stigi 3 hjá Málaskólanum MÍMI ([www.mimir.is](http://www.mimir.is)) eða sambærilegu íslenskunámi og geta sýnt fram á að viðkomandi uppfylli stig B1 skv. samevrópskum matsramma fyrir tungumál. Senda á staðfestingu um slíkt til [sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is). Áður en umsækjandi getur fengið stöðu á kandidateisári og niðurröðun í blokk þarf umsækjandi að skila vottorði um stig 4 hjá MÍMI eða geta sýnt fram á að viðkomandi uppfylli stig B2 skv. samevrópskum matsramma fyrir tungumál. (sjá lið nr. 5).
3. Viðtal: Viðtalið verður á íslensku. Við munum ræða við þig um umsóknina þína og ferilskrá (CV). Þú verður beðin(n) um að lesa stutta innlagnarnótu sem er á íslensku og beðin(n) um að skrifa upp vandamálalista með álit og plani fyrir sjúklinginn. Þú færð 20 mínútur fyrir viðtalið til að undirbúa þig. Síðan ræðum við saman um stutt tilfelli sem tekur á siðfræðilegu álitamáli.
4. Umsækjanda sem stenst kröfur í viðtali, bæði hvað varðar íslenskukunnáttu og lágmarks faglega þekkingu í umræðu um tilfelli, er boðin inngangsstaða fyrir kandidateisár. Þetta skiptist í:
  - a. Átta vikur í dagvinnu á legudeild við hlið kandidateis og undir umsjón deildarlæknis og sérfræðings í teyminu. Umsækjandi fær laun þessar átta vikur á launakjörum eins og sjötta árs læknanemi (95% af launakjörum læknakandidateis).
  - i. Markmið inngangsstöðunnar er að læra á uppbyggingu kerfisins þ.m.t. rafræn kerfi, fyrirkomulag deildarvinnu, þjálfast í klínískri skráningu og góðum vinnubrögðum og þjálfu samskipti við sjúklinga og samstarfsfólk. Tekið verður á sér íslenskum atriðum er varða vottorð, lög og reglugerðir. Umsækjandi fær handleiðara sem hittir hann 4 - 6 sinnum á tímabilinu.
  - ii. Sérfræðingur og deildarlæknir á deild verða beðnir um að útfylla matsblað á fjögurra vikna fresti.
    1. Helstu hæfniviðmið eru:
      - a. Samskiptakunnáttu í töluðu og rituðu máli
      - b. Samskipti og framkoma
      - c. Vinnubrögð
      - d. Klínísk færni við sögutöku og líkamsskoðun
    - e. Viðeigandi þekking á rannsóknarræðum
    - f. Viðeigandi kunnáttu í lyfjaávisunum

- g. Klínísk skráning
- h. Leggur raunhæft mat á eigin getu
- i. Viðeigandi viðbrögð umsækjanda við gagnrýni

iii. Í lok tímans eru þrjár mögulegar útkomur:

- 1. Staðist. Sjá lið nr. 5.
- 2. Góð framför en ekki tilbúinn til að koma á kándíatsár enn. Má þá sækja um að vera áfram sjá lið 4 b.
- 3. Ekki viðunandi. Byðst ekki áframhald. Þarf að bæta við sig á annan hátt og getur sótt um aftur síðar.

b. Þeim umsækjendum sem sýna góða framför skv. lið 4a. byðst að sækja um viðbótar 8 - 16 vikur á deild við hlið kándíats. Þessi tími er launalaus þ.e. á núll-samningi.

i. Markmið inngangsstöðunnar er að læra á uppbyggingu kerfisins þ.m.t. rafræn kerfi, fyrirkomulag deildarvinnu, þjálfast í klínískri skráningu og góðum vinnubrögðum og þjálfa samskipti við sjúklinga og samstarfsfólk.

ii. Sérfræðingur og deildarlæknir á deild verða beðin um að útfylla matsblað á fjögurra vikna fresti.

- 1. Helstu hæfniviðmið eru:
  - a. Samskiptakunnátta í töluðu og rituðu máli
  - b. Samskipti og framkoma
  - c. Vinnubrögð
  - d. Klínísk færni við sögutöku og líkamsskoðun
  - e. Viðeigandi þekking á rannsóknarræðum
  - f. Viðeigandi kunnátta í lyfjaávisunum
  - g. Klínísk skráning
  - h. Leggur raunhæft mat á eigin getu
  - i. Viðeigandi viðbrögð umsækjanda við gagnrýni

iii. Í lok tímans eru þrjár mögulegar útkomur:

- 1. Staðist. Sjá lið nr. 5.
- 2. Góð framför en ekki tilbúin(n) til að koma á kándíatsár enn. Má þá sækja um að vera áfram á núll-samningi, þó ekki lengur en að hámarki 16 vikur alls.
- 3. Ekki viðunandi. Byðst ekki áframhald. Þarf að bæta við sig á annan hátt og getur sótt um aftur síðar.

5. Staðist. Þegar matsblöð og færni umsækjanda leyfir, og vottorði hefur verið skilað um að umsækjandi hafi lokið stigi 4 eða B2 eða sambærilegu námi (sjá lið nr. 2) er viðkomandi raðað inn á næsta mögu-lega innkomutíma á kándíatsár að undangenginni þátttöku í móttökudögum.